

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2016, þriðjudaginn 12. janúar, var haldinn 125. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði í Grafarvogi og hófst fundurinn kl. 17:15. Viðstödd voru Bergvin Oddsson, Guðbrandur Guðmundsson, Gísli Rafn Guðmundsson. Auk þeirra sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallavinar, Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs, Margrét Richter, sérfræðingur fjármála og rekstrar í Miðgarði sem einnig ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lagt var fram svar, dagsett 4. janúar 2016, frá Skóla- og frístundasviði við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa framsóknar og flugvallarvina varðandi sundkennslu barna og unglíngja í Grafarvogi.

Eftirfarandi bókun var gerð frá áheyrnarfulltrúa framsóknar og flugvallavina:

Það gengur ekki upp að börn og unglíngjar sem búa í barnmörgum íbúahverfum austarlega í Reykjavík eins og í Grafarvogi þar sem 20% barna og unglíngja Reykjavíkurborgar búa og fleiri nálægum hverfum, séu keyrð hægri, vinstri milli hverfa í skólasund og fá meira að segja skerta skólasundkennslu á sama tíma og verið sé að hefja byggingu á viðbótarsundlaug við Sundhöll Reykjavíkur í miðborginni þótt í því hverfi sé engin skortur á sundlaugarmannvirkjum til sundkennslu grunnskólanema.

- Kl 17:15 tekur Jóhannes Óli Garðarsson, áheyrnarfulltrúi Korpúlfa samtaka eldri borgara í Grafarvogi, sæti á fundinum.
 - Kl 17: 24 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.
2. Lagt var fram svar, dagsett 5. janúar 2016, frá Skóla- og frístundasvið við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa framsóknar og flugvallarvina varðandi þátttöku barna í tónlistarnámi.

Eftirfarandi bókun var gerð frá áheyrnarfulltrúa framsóknar og flugvallarvina:

Fyrir liggur að 11,5% barna og unglíngja á aldrinum 6 til 15 ára stunda tónlistarnám í Grafarvogi en 14,8% aldurshópsins stunda tónlistarnám ef tekið er með tækifæri til náms í skólahljómsveitum. Þátttaka í Grafarvogi er lítillega lægri en að meðaltali í Reykjavík sem er 15,7% en hæst er þátttakan í Vesturbænum 20,1% og Kjalarnesi 22,3%. Börn og unglíngjar í hverfinu á aldrinum 6 til 15 ára, virðast nýta tækifæri til tónlistarnáms um það bil í meðallagi. Af heildarfjölda 373 tónlistarskólanemendum í Grafarvogi eru 272 á aldursbilinu 6 til 15 ára gamlir. Skólaárið 2014 – 2015 voru sæti í Skólahljómsveit Grafarvogs ekki fullnýtt. Mikið og gott starf fer fram í þeim tveimur tónlistaskólum sem í hverfinu eru auk Skólahljómsveitarinnar sem staðsett er í Húsaskóla en ljóst er að hvetja má börn og unglíngja enn frekar til tónlistanáms og styðja enn betur við tónlistanámi í hverfinu.

3. Umræða var um snjómokstur í Grafarvöginum.

Eftirfarandi bókun var gerð frá Hverfisráð Grafarvogs:

Hverfisráð Grafarvogs ítrekar mikilvægi þess að bæði götur og gangstéttir séu vel ruddar í hverfinu svo allir vegfarendur eigi greiða leið að komast á milli staða. Hverfisráð fær oft ábendingar um að gangstéttir séu ekki ruddar og eins að snjóruðningstæki skilji oft eftir hrauka meðfram ruddum brautum sem jafnvel gera bílastæði ófær.

- Kl 17: 33 tekur Elísabet Gísladóttir sæti á fundinum.

4. Umræða var um sorphirðumál í Grafarvogi.

Eftirfarandi bókun var gerð frá Hverfisráð Grafarvogs:

Hverfisráð Grafarvogs fagnar öllum tilraunum borgaryfirvalda til að auka flokkun sorps og endurvinna það. Framkvæmd aðgerða í þessa átt þarf að vanda til að árangur verði góður. Hverfisráðið telur að þær aðgerðir sem boðaðar voru nú um áramótin hafi ekki verið nægilega vel kynntar fyrir íbúum og falli því í grýttan jarðveg. Áramót eru ekki heppilegur tími til að gera svona breytingar. Hverfisráð hvetur Umhverfis- og skipulagssvið til að staldra við og undirbúa þessar aðgerðir betur með hvatningu að leiðarljósi.

5. Umræða var um fundartíma hverfisráðs og ákveðið var að halda áfram að hafa fundartímana á þriðjudögum kl 17:00. Stefnumótunarfundur verður haldinn laugardaginn 13. febrúar, kl.10:30 til 14:00 í Miðgarði.

6. Eftirfarandi tillaga var lögð fram af áheyrnarfulltrúa framsóknar og flugvallavina:

Hverfisráð Grafarvogs vill leggja það til við Menningar- og ferðamálaráð að komið verði fyrir skó hillum og læstum skó skápum auk útifatahengjum inni við inngang inn á borgarbókasafn Spönginni og gestir bókasafnsins verði annað hvort að fara úr útiskóm sínum eða setja utan um skó sína hlífur meðan þeir skoða og velja sér bækur á safninu. Sambærileg og almennt er regla í skólum borgarinnar og heilsugæslustöðvum borgarinnar.

Tillagan var samþykkt.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram af áheyrnarfulltrúa framsóknar og flugvallavina:

Hverfisráð Grafarvogs óskar eftir kynningu á öllum framkvæmdum/verkefnum Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar sem áætlaðar eru í Grafarvogi árið 2016.

Tillagan var samþykkt.

Ákveðið að boða fulltrúa USK á næsta fund ráðsins.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram af Hverfisráði Grafarvogs:

Hverfisráð Grafarvogs skorar á borgarráð að beita sér fyrir því að póstnúmer í Bryggjuhverfi verði beytt úr 110 í 112 en til vara 114 þar sem það tilheyrir þjónustusvæði Grafarvogs og Kjalarnes.

Tillagan var samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:33

Bergvin Oddsson

Guðbrandur Guðmundsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Gísli Rafn Guðmundsson
Elísabet Gísladóttir